



Stéttarfélag Vesturlands

FÉLAGSFRÉTTIR - 19. töl. - DESEMBER 2015



Ljósmynd Kristín Jónsdóttir



*Óskum félagsmönnum og
öðrum íbúum Vesturlands
gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári*

*Þökkum samskiptin á árinu
sem er að kveðja*



Stéttarfélag Vesturlands

Jólaakveðja úr Danaveldi

Nú eru liðnir rúmir 5 mánuðir síðan við hjónin rifum upp fjölskylduna frá Akranesi og fluttum með hana til Esbjerg, á suðvesturströnd Jótlands, í Danmörku. Esbjerg er fimmta stærsta borg Danmerkur með um 115 þúsund íbúa, sem sagt u.þ.b. jafn margir og í Reykjavík. Samt finnst okkur bærbragurinn hér vera mun líkari Akranesi heldur en Reykjavík, afskaplega rólegt og afslappað.

Ég stunda nám í Syddansk Universitet hér í Esbjerg í Cultural Sociology – Law, Power and Justice, sem ég er ekki alveg klár á hvernig myndi útlistast á íslensku, (hugsanlega menningar- félagsfræði með áherslu á lög, völd og réttlæti). Námið er afar krefjandi og það er líka skritin tilfinning að hefja fullt nám að nýju eftir langt hlé. Eiginmaðurinn stýrir sundfélaginu, Esbjerg Svømmeklub, og honum gengur vel með það og nýtur sín í starfi. Stelpurnar okkar eru allar í sitthvorum skólanum þar sem sú elsta kláraði grunnskóla heima í vor og byrjaði í framhaldsskóla hér, en hinar tvær yngri eru enn í grunnskóla. Danir eru orðnir mjög þróaðir og skipulagðir í að aðlagast innflytjendur inn í skólakerfið og hér skipta ákveðnir grunnskólar niður á milli sín aldursþópum í mót-tökubekkjum og þess vegna eru þær í sitthvorum skólanum þar sem þær eru á yngsta og elsta stigi. Sú eldri hefur flogið í gegnum aðlögunardeildina á methraða og byrjar í venjulegum dönskum bekk eftir áramótin. Sú yngsta stendur sig líka afskaplega vel og mun hún prófa venjulegan danskan bekk eftir áramót.

Það lítur ekki út fyrir hvít jól hér í Esbjerg í ár, að sögn Dana hefur þetta haust verið hið mildasta í áratugi. Skautasvellið sem er lagt á Torginu á ári hverju og er stór liður í fjáröflun skautafélagsins hér, átti til að mynda að opna þann 22. nóvember, hefur ekki enn getað opnað vegna hlýinda. Ég kvarta ekki enda var ég alveg komin með nóg af hörðu vetrarveðri og leiðindafærð síðustu vetra. Hér er líka að sögn mjög vindasamt, en við höfum ekki fundið mikið fyrir því heldur, erum sennilega orðin of vindbarin og öllu vön í þeim efnum. Mig langar til að senda öllum félagsmönnum Stéttarfélags Vesturlands kærar jólaakveðjur og óskir um heillarikt komandi ár. Takið fagnandi og óhrædd á móti tækifærum nýs árs, það er oft svo að þegar maður fer út fyrir þægindarammann þá gerast ævintýrin!

Sjöfn Elísa Albertsdóttir



Sjöfn í borgarferð til Köben með dæturnar Elísu, Ágústu og Amalíu.

Breytt þjónusta í Búðardal og Hvalfjarðarsveit

Stéttarfélag Vesturlands hefur haft opnar skrifstofur á öllu félagssvæðinu. Skrifstofan í Búðardal er að Miðbraut 11, hún hefur verið opin því sem næst hálfsmánaðarlega frá 9:30 til 12:30. Mjög fátítt er að nokkur maður sækir þjónustu á þessum tímum. Skrifstofan að Innrimel í Hvalfjarðarsveit hefur verið opin hálfan til einn dag í viku. Heimsóknir á þá skrifstofu eru jafn fátíðar og í Búðardal. Flestir félagsmenn taka upp símtólið þegar þá vantar þjónustu eða senda tölvupóst, nákvæmlega þegar spurningar vakna. Félagið á skrifstofuhúsnæðið í Búðardal en leigir aðstöðuna í Hvalfjarðar-

sveit. Nokkur umræða hefur verið innan stjórnar félagsins um það hvort það þjóni tilgangi sínum að halda þessum skrifstofum úti. Nú hefur verið tekin ákvörðun um að loka skrifstofunni í Hvalfjarðarsveit og fækka ferðum í Búðardal. Í stað þess er stefnt á að fara u.þ.b. mánaðarlega í vinnustaðaheimsóknir á þessum svæðum og taka þá jafnvel daginn í þær heimsóknir, auglýsa þær vel og bregðast jafnframt við beiðnum um heimsóknir ef þær koma. Þessar ferðir gætu þá líka verið liður í því að stunda vinnustaðaeftirlit, sem ekki er vanþörf á að stunda á öllu svæðinu.

Trúnaðarmannanám-skeið í byrjun árs 2016

Þessa dagana er Stéttarfélag Vesturlands að endurnýja umboð trúnaðarmanna á flestum vinnustöðum sem hafa nægilegan fjölda starfsmanna til að kjósa megi trúnaðarmenn.

Stefnt er að því að hafa Trúnaðarmannanámsskeið í upphafi ársins 2016, eða dagana 11. - 13. janúar og svo dagana 25. - 26. janúar. Þetta yrði Trúnaðarmannanámsskeið I, 3. og 4. þrep.

Þetta er námskeið sem ætlunin var að halda sl. vor en ekki reyndist næg þátttaka til að halda það. Nokkur endurnýjun hefur orðið í hópi trúnaðarmanna og einnig eru uppi hugmyndir um að bjóða félögum okkar á Snæfellsnesinu að senda sína trúnaðarmenn til okkar til að ná örugglega að manna námskeiðið.

Góður trúnaðarmaður er gullsígildi

Stéttarfélaginu hefur gengið misvel að fá einstaklinga til að gefa kost á sér til að gegna stöðu trúnaðarmanns og alltaf eru það einhverjir vinnustaðir sem eru trúnaðarmannslausir. Lög um stéttarfélög og vinnudeilur heimila starfsmönnum á vinnustöðum þar sem starfsmenn eru 5 eða fleiri að kjósa sér trúnaðarmann. Þegar starfsmenn eru fleiri en 50 má kjósa tvo. Félagið vill hvetja fólk til að forvitnast um það á sínum vinnustað hvort kosinn hafi verið trúnaðarmaður og hafi svo ekki verið að gera það og setja sig í sambandi við skrifstofu félagsins með ábendingar ef einhver vill gefa kost á sér til stöðunnar.

Stéttarfélag Vesturlands

Starfssvæði: Hvalfjarðarsveit - Borgarbyggð - Skorradalur
- Eyja- og Miklaholtshreppur - Dalabyggð

Félagsfréttir

19. tölublað - Desember 2015

Ábyrgðarmaður: Signý Jóhannesdóttir.

Stjórn Stéttarfélags Vesturlands:

Signý Jóhannesdóttir, formaður, Sigurbór Óskar Ágústsson, varaformaður, Baldur Jónsson, ritari, Kristján Jóhannsson, vararitari, Áslaug Þorvaldsdóttir, meðstjórnandi, Jónína Guðrún Heiðarsdóttir, meðstjórnandi. Aðrir meðstjórnendur og formenn deilda: Sigrún Reynisdóttir, form. IMS-deildar, Patrícia M da Silva, form. MFB-deildar, Elín Guðrún Tómasdóttir, form. DRS-deildar, Guðbrandur Magnússon, form. ISD-deildar, Einar O. Pálsson, form. DVS-deildar.

Afhverju gekk StéttVest til liðs við Flóann?

Meðfylgjandi viðtal birtist í Frétta-
blaði Eflingar stéttarfélags í júní sl.
eftir að Stéttarfélag Vesturlands dró
umboð sitt til að gera kjarasamning
við Samtök atvinnulífsins frá SGS.
Hér er viðtalið styttað lítillega:

Fólkið mitt vildi breytingar!

-segir Signý Jóhannesdóttir,
formaður Stéttarfélags Vestur-
lands

Það er einfalt svar við þessari
spurningu, sagði Signý Jóhann-
esdóttir, formaður Stéttarfélags
Vesturlands, þegar hún er spurð
að því hver hafi verið megin-
ástæða þess að Stéttarfélag Vest-
urlands hafi ákveðið að vinna
með Flóanum að samningamál-
um fremur en halda áfram með
Starfsgreinasambandi Íslands
í maí sl. Það var virkur hóp-
ur allra helstu trúnaðarmanna
Stéttarfélags Vesturlands sem
tók þessa ákvörðun og í ljósi
reynslunnar núna tel ég að hún
hafi verið rétt. Það er alltaf erfitt
að taka slíkar ákvarðanir gagn-
vart aðilum sem við höfum lengi
verið í samstarfi við. En einfald-
ast er að lýsa þessu þannig að
fólkið mitt vildi breytingar og
það var bara komið að kaflaski-
lum hjá okkur gagnvart SGS. Í
reynd er þetta uppsafnaður
vandi sem þarna kom fram og
braust út með þessari sameigin-
legu ákvörðun þessa stóra hóps,
segir Signý Jóhannesdóttir. Sam-
starfið við Flóann var sér-
staklega ánægjulegt og gefandi
að taka þátt í faglegri samvinnu
ekki síst með varaforsetunum
tveimur, Ólafíu B. Rafnsdótt-
ur og Sigurði Bessasyni en mér
finnst ég eiga svolítið í þessum
foringjum eftir að ég stóð upp
úr stól varaforseta á síðasta ASÍ
þingi. Þetta segir Signý Jóhann-
esdóttir formaður StéttVest um
vistaskiptin frá SGS yfir til Fló-
ans sem gerðist undir lok samn-
ingaviðræðnanna.

Komið að breytingum hjá okkur

Þetta var uppsöfnuð óánægja með
hvernig landsbyggðarfélögin 16
hafa hagað sér við samningsgerð.
Nægir þar að nefna samningana
sem undirritaðir voru í desember
2013, þar sem ákveðnir forystu-

menn sem jafnvel skrifuðu undir
samningana fóru síðan heim og
töluðu gegn þeim. Stéttarfélag
Vesturlands telur tæplega 1000
greiddandi félagsmenn og um 200
gjaldfrjálsir. Á hverju ári greiða
á 14. hundrað einhver iðgjöld til
félagsins en það er alltaf nokkur
fjöldi sem ekki nær því að greiða í
6 mánuði og öðlast þannig félags-
réttindi. Félagið á aðild að þremur
landssamböndum og flestir fé-
lagsmenn tilheyra Starfsgreina-
sambandi Íslands/SGS, einnig eru
í félaginu um 160 einstaklingar
sem tilheyra Landssambandi Ís-
lenskra verslunarmanna/LÍV og
síðan rúmlega 50 Samiðnarmenn.
Félagssvæðið nær frá botni Hval-
fjarðar, um Hvalfjarðarsveitina,
Borgarbyggð og Skorradal, Eyja-
og Miklaholtshreppinn og síðan
vestur í Búðardal og mætir Verka-
lýðsfélagi Vestfirðinga í botni
Gilsfjarðar. Á svæðinu voru áður
þrjú verkalýðsfélög sem samein-
uðust í maí 2006. Höfuðstöðvar-
nar eru í Borganesi en skrifstofur
eru líka í Búðardal og í Hvalfjarð-
arsveit.

Virkur hópur forystu- fólks tók ákvörðunina

Félagið hefur 11 manna stjórn
og 14 manna stjórnir deilda sem
mynda trúnaðarráð. Þegar við
þennan hóp bæst trúnaðarmenn
á vinnustöðum og varamenn í
stjórnnum deildanna þá telur hóp-
urinn á fimmta tug einstaklinga.
Þessi hópur er samninganefnd
félagsins. Eins og gengur og ger-
ist þá er ekki alltaf full mæting á
fundi samninganefndar en oftast
er virkur hópur um 25 manns. Það
var þessi virki hópur félagsmanna
sem tók ákvörðun þann 12. maí
að afturkalla umboð félagsins til
samningsgerðar frá SGS. Þetta
hefur verið rætt stundum áður og
oft hafa menn verið misánægðir
með hvernig landsbyggðarfélögin
16 hafa hagað sér við samnings-
gerð. Nægir þar að nefna samn-
ingana sem undirritaðir voru í
desember 2013, þar sem ákveðnir
forystumenn sem jafnvel skrifuðu
undir samningana fóru síðan heim
og töluðu gegn þeim. Í núverandi
samningalotu, þegar uppleggið
var að vinna fyrir þá sem eru á
lægstu töxtum og farið var af stað
í viðtækar verfallsboðanir í nafni

samstöðunnar, hófst undanhaldið
heima í héraði margra félaga þar
sem farið var að semja við ein-
staka hópa og mikið gert úr ágæti
þeirra gjörninga.

Mikil óánægja með vinnubrögðin

Félagsmenn í Stéttarfélagi Vest-
urlands voru mjög óhressir með
þessi vinnubrögð og lögðu til að
formaður félagsins kannaði hvort
ekki væri hægt að leita samstarfs
við Flóabandalagið, enda nær
Faxaflóinn vestur á Snæfellsnes ef
út í landafræðina er farið. Það er
skemmt frjá því að segja að mála-
leitan félagsins var mjög vel tekið
af forystufólki Flóans og Stéttar-
félag Vesturlands boðið meira en
velkomið í hópinn. Þar voru fyrir
VR og Landssamband íslenskra
verslunarmanna í góðu samstarfi
við Flóann.

Ánægjulegur tími með Flóafélögunum, LÍV og VR

Viðræðurnar um kjarasamning-
ana, sem undirritaðir voru þann
29. maí, voru um margt mjög
ánægjulegur tími. Einkar áhuga-
vert og skemmtilegt að sjá hvað
varaforsetar ASÍ þau, Sigurður
Bessason formaður Eflingar og
Ólafía B. Rafnsdóttir formaður
VR ná að vinna vel saman. Mér
segir svo hugur að með þessu
góða samstarfi Eflingar og VR
hafi verið brotið ákveðið blað
í sögu verkalýðshreyfingarinnar.
Ég get ekki neitað því að mér
finnst ég eiga svolítið í þessu

teymi, því þegar ég stóð upp af
stóli varaforseta ASÍ sl. haust og
sagði við samstarfsfólkið mitt í
miðstjórn að ég teldi að það stæði
þessum stóru félögum næst að
manna varaforsetastólinn, þá fór
af stað atburðarás sem leitt hefur
þetta samstarf af sér.

Fyrstu skref tekist jafn- vel mun betur en ég þorði að spá fyrir um

Að endingu ætla ég að leyfa mér
að vitna í varaformann í Stéttarfé-
lagi Vesturlands, Sigurður Óskar
Ágústsson, sem sagði eitthvað á
þessa leið. Mér leist mjög vel á
þetta nýja samstarf frá upphafi, en
þessi fyrstu skref hafa jafnvel tek-
ist mun betur en ég þorði að spá
fyrir um.

Ég gæti ekki verið meira sammála
honum og hlakka til enn frekar
samstarfs á komandi árum!

Flóabandalagið hefur verið óform-
legt samstarf þeirra þriggja stétt-
arfélaga sem staðið hafa að gerð
kjarasamninga í nafni Flóans. Þegar
Stéttarfélag Vesturlands óskaði
eftir aðild að þessu samstarfi sl. vor,
þá fór af stað umræða sem hafði
legið niðri um nokkurn tíma hjá fé-
lögum, að formgera samstarfið.
Stétt Vest mun á nýju ári taka þátt
í Capacent könnun um kaup og kjör
félagsmanna, könnun sem Flóafé-
lögin hafa staðið að saman sl. 10
ár. Einnig er í athugun að koma á
fót frekara samstarfi s.s. fræðslu-
og orlofsmálum. Þetta eru vonandi
fyrstu skref í þeirri vegferð að bæta
þjónustu við félagsmenn, sem bygg-
ir á hagkvæmni stæðarinnar.

Breytingar í fram- kvæmdastjórn SGS

Á þingi Starfsgreinasambands Íslands
urðu nokkrar breytingar á framkvæmda-
stjórn sambandsins. Signý Jóhannesdóttir
formaður Stéttarfélags Vesturlands gaf
ekki kost á sér til endurkjörs eftir u.þ.b.
10 ára setu í framkvæmdastjórn. Sigurður
Bessason formaður Eflingar stéttarfé-
lags gaf heldur ekki kost á sér, en hann
hefur verið í framkvæmdastjórn SGS
frá upphafi. Í stað Signýjar var kjörinn
Sigurður Guðmundsson Verkalýðsfélagi
Snæfellinga og í stað Sigurðar Bessason-
ar var kjörinn Ragnar Ólason Eflingu.



Spurt og svarað um SALEK samkomulagið

SALEK-samkomulagið sem undirritað var í lok október milli stórs hluta vinnumarkaðarins hefur verið töluvert til umfjöllunar síðustu daga. Nokkuð hefur verið um að misskilnings hafi gætt í þeirri umræðu.

Til að skýra myndina fyrir leikmönnum og hjálpa þeim að mynda sér skoðun á málinu hefur ASÍ birt nokkrar algengar spurningar sem komið hafa upp, sem svarað er í stuttu en skýru máli. Ef lesendur hafa fleiri spurningar þá hvetjum við þá til að senda þær á asi@asi.is og þeim verður svarað eins fljótt og kostur er.

Spurt og svarað um SALEK

Hvað er SALEK?

Svar: SALEK er skammstöfun fyrir samstarf um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga. SALEK er afrakstur vinnu sem hófst 2013 með úttekt BSRB, KÍ, BHM, ASÍ, SA og samninganefnda ríkis, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga á umhverfi kjarasamninga á hinum Norðurlöndunum, þar sem áhersla var lögð á heildarendurskoðun samningalíkansins.

Hvers vegna SALEK?

Svar: Með samstarfinu vilja heildarsamtökin stuðla að því að bæta

þekkingu og vinnubrögð við undirbúning og gerð kjarasamninga með Norðurlöndin sem fyrirmynd. Markmiðið er að auka kaupmátt á grundvelli lágrar verðbólgu, lágra vaxta og stöðugs gengis. Á hinum Norðurlöndunum hefur tekist að auka kaupmátt tvisvar sinnum meira á ári á síðustu 15 árin en hér á landi. Auk þess er samkomulaginu ætlað að stuðla að friði á vinnumarkaði og auknum stöðugleika.

Er samningsrétturinn tekinn af einstaka stéttarfélögum með SALEK samkomulaginu?

Svar: Nei, það er ekkert í þessu samkomulagi sem hróflar við ákvæðum vinnulöggjafarinnar um samningsrétt einstakra stéttarfélaganna.

Er þetta kjarasamningur?

Svar: Nei, þetta er rammasamkomulag sem hvert stéttarfélag/landssamband fyrir sig getur unnið út frá. Allir aðilar samkomulagsins fá þó fyrirheit um að njóta sambærilegra launahækkana til ársloka 2018. Þá verður gert samkomulag um jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði.

Kemur þetta samkomulag í staðinn fyrir kjarasamning?

Svar: Nei. Flest félög innan ASÍ



Við undirritun Salek samkomulagsins frá vinstri: Björgólfur Jóhannsson og Þorsteinn Víglundsson frá SA, Gylfi Arnbjörnsson ASÍ, Elín Björg Jónsdóttir BSRB, Gunnar Björnsson samninganefnd ríkisins, Atli Atlason Reykjavíkurborg og Inga Rún Ólafsdóttir Sambandi sveitarfélaga

sömdu vorið 2015 til þriggja ára um minni launahækkanir en felst í SALEK-samkomulaginu. Á grundvelli þessa rammasamkomulags þarf samninganefnd ASÍ að gera nýjan kjarasamning við Samtök atvinnulífsins til að tryggja að 85.000 félagsmenn okkar á almennum vinnumarkaði fái sambærilegar launahækkanir og um hefur verið samið á opinbera markaðinum. Sá samningur verður síðan lagður í atkvæðagreiðslu félagsmanna.

Þýðir þetta samkomulag að allar launahækkanir (launaskrið) séu bannaðar?

Svar: Nei, það er ekki hægt að banna launaskrið. Breytingin er sú að opinberir starfsmenn fá nú að njóta launaskriðs sem verður á almennum vinnumarkaði, að frádregnu launaskriði á opinbera vinnumarkaðinum.

Gerir samkomulagið það að verkum að launahækkanir mínar verða takmarkaðar?

Svar: Gagnvart félagsmönnum ASÍ hjá hinu opinbera tryggir samkomulagið að þeir fái sambærilegar launahækkanir og kveðið var á um í gerðardómi í sumar. Gagnvart félagsmönnum ASÍ á almennum vinnumarkaði tryggir samkomulagið að SA skuldbindur sig að tryggja þeim einnig sambærilegar launahækkanir.

Eru stéttafélög óþörf með svona samkomulagi?

Svar: Nei, þvert á móti sýnir þetta styrkleika okkar fyrirkomulags. Við getum verið stórt og sterkt afl í samskiptum við hið opinbera og samtök atvinnurekenda en samhliða búið einstaka stéttarfélögum betra svigrúm til þess að sinna hagsmunum sinna félagsmanna.

Er það forysta hvers tíma sem getur gert breytingar á samkomulaginu, allt eftir því hvernig vindar blása?

Svar: Forysta verkalýðshreyfingarinnar hefur að sjálfsögðu ekkert sjálfðæmi um það með hvaða hætti samningalíkan er byggt upp. Þar hafa stéttarfélögin og félagsmenn þeirra síðasta orðið. Með umræddu rammasamkomulagi er ekki búið að ákveða eitthvert eitt samningalíkan, heldur er hér verið að hefja umræðu sem við teljum að muni taka 2-3 ár að ljúka. Verður það gert í nánú samráði og samstarfi við aðildarfélög ASÍ og félagsmenn þeirra. Ef við náum á endanum saman um innviði nýs samningalíkans verður það lagt í atkvæðagreiðslu allra þeirra tæplega 100.000 félagsmanna sem eru innan raða ASÍ.

Hvað gerist núna þegar búið er að gera SALEK-samkomulagið?

Svar: Nú þegar búið er að ljúka kjarasamningum við ríki og sveitarfélög vegna félagsmanna ASÍ sem starfa á þeim hluta vinnumarkaðarinnar þá er næsta verkefni að tryggja félagsmönnum ASÍ á almennum vinnumarkaði sambærilegar launahækkanir á næstu árum og hér um ræðir. Síðan verður við að hefja umræðu um þróun og mótun þess samningalíkans sem vonandi tryggir okkar félagsmönnum kaupmáttaraukningu á grundvelli lágrar verðbólgu, lágra vaxta og stöðugs gengis. Samhliða verður við að ræða við stjórnvöld um það með hvaða hætti þau þurfa að beita agaðri hagstjórn til að koma í veg fyrir kollsteypur vegna ofþenslu.

Ef þú hefur frekari spurningar vegna SALEK-samkomulagsins sendu þær þá á asi@asi.is

Desember uppbótin 2015

Samkvæmt þeim kjarasamningum sem Stéttarfélag Vesturlands er aðili að, ber að greiða launafólki desemberuppbót fyrir árið 2015, sem hér segir:

Starfsfólk sveitarfélaga, samningur SGS og SNS, .. kr. 100.700	
Verslunar- og skrifstofufólk, samningur LÍV og SA,78.000	
Verkaþéttir, samningur SGS og SA,78.000	
Iðnaðarmenn, samningar Samiðnar og SA,78.000	
Samningar SGS við ríkið78.000	
Norðurál ehf., Hvalfjarðarsveit177.347	
Elkem hf., Hvalfjarðarsveit170.864	
Klafi ehf., Hvalfjarðarsveit170.864	

Lágmarksréttur til desemberuppbótar er misjafn eftir kjarasamningum. Stéttarfélag Vesturlands hvetur launafólk til að fylgjast vel með því að rétt desemberuppbót sé greidd og að gera athugasemdir strax sé ekki svo. Algengast er að til að eiga rétt á fullri desemberuppbót þurfi að skila 45 vikum í dagvinnu á árinu (1800 klst). Þeir sem hafa unnið skemmri tíma eða eru í hlutastarfi fá greitt í hlutfalli. Uppgjörstímabilið er almanaksárið, en hægt er að semja um að það sé frá 1. des. til 30. nóv. ár hvert.

Vetrarleiga orlofshúsa og íbúða 2015-2016

Veturinn 2015-2016 leigir Stéttarfélag Vesturlands út tvö orlofshús í Húsafelli og eitt í Ölfusborgum ásamt orlofsíbúð að Ásholti 2 í Reykjavík. Íbúð félagsins að Furulundi 8 á Akureyri hefur verið seld og stendur leit yfir að annari stærri íbúð. Stefnt er að því að ný íbúð á Akureyri verði komin í gagnid fyrir vorið. Skrifstofa Stéttarfélagsins í Alþýðuhúsinu, Sæunnargötu 2 a, Borgarnesi annast útleigu á orlofshúsunum félagsins allan ársins hring.

Húsafell

Ekki þarf að kynna Vestlendingum dásæmdir Húsafells sem sumardvalarstaðar en vert er að minna á að veturinn hefur líka sína töfra.

Kiðárskógur 10

Fyrir bústaðinn þarf að greiða kr. 4.000 fyrir sólarhringinn í miðri viku en kr. 14.000 fyrir helgina, sem getur verið þrjár nætur. Vikan er leigð á kr. 18.000.

Um er að ræða nýlegt 94 fermetra hús auk svefnlofts. Í húsinu eru tvö svefnherbergi og stofa, svefnkrókur úr stofu, eldhúskrókur og baðherbergi með sturtu. Heitur pottur er á palli. Húsið er búið öllum venjulegum búnaði fyrir 8 manns, svefnpláss er fyrir 8 á neðri hæð. Þvotta- og uppþvottavélar eru í húsinu.



Kiðárskógur 1

Fyrir bústaðinn þarf að greiða kr. 4.000 fyrir sólarhringinn í miðri viku en kr. 12.000 fyrir helgina, sem getur verið þrjár nætur. Vikan er leigð á kr. 16.000.

Um er að ræða 64 fermetra hús sem byggt var árið 2003. Húsið stendur örlítið innar á vinstri hönd við Kiðárskóg en númer 10. Í húsinu eru 3 svefnherbergi, stofa, eldhús og baðherbergi með sturtu. Heitur pottur er á palli og lítið gestahús sem er ekki hitað upp.

Húsið er búið öllum venjulegum búnaði fyrir 8 manns, svefnpláss er fyrir 8. Uppþvottavél er í húsinu.



Ölfusborgir

Fyrir húsið í Ölfusborgum þurfa félagsmenn einnig að greiða kr. 4.000 fyrir sólarhringinn, fyrir helgi kr. 12.000 sem geta verið 3 nætur. Vikan er leigð á kr. 16.000. Húsið í Ölfusborgum er með heitum potti og sólstofu. Svefnaðstaða er fyrir 6-8 manns. Tæki og húsbúnaður er mjög góður.

Þeir félagsmenn sem dvalið hafa í Ölfusborgum að vetri til eru ekki síður hrifnir af dvölinni þar en þeir sem fara þangað að sumri til. Það er tilvalið að skreppa austur og eiga notalega helgi eða viku í Ölfusinu og brjóta þannig upp skammdegið. Margar skemmtilegar gönguleiðir er þar að finna.



Ásholt 2, Reykjavík

Orlofssjóður á 4ra herbergja íbúð í Ásholti 2. Íbúðin er í stóru fjölbýlishúsi þar sem á annan tug íbúða eru í eigu stéttarfélaga. Íbúðin er mjög rúmgóð. Henni fylgir stæði í bílageymslu, þar sem mjög góð þvottaðstaða er fyrir bíla. Þvottahús með vönduðum tækjum er í sameign.



Eigninni fylgir líka fallegur lokaður garður og er hægt að ganga beint úr íbúðinni út í garðinn. Húsfélagið hefur í sinni þjónustu mann sem sér um alla sameignina og er eignin annáluð fyrir snyrtimennsku á allan hátt. Inngangur í Ásholtið er frá Laugavegi og stendur húsið rétt austan við Hlemm, það er því á mjög góðum stað og miðborgin í þægilegu göngufæri. Hér gildir reglan fyrstur kemur fyrstur fær og verður vikunum ekki úthlutað, hvorki að sumri né vetri til. Hægt er að leigja íbúðina dag fyrir dag á virkum dögum en helgar verða eingöngu leigðar frá föstudegi til sunnudags. Leiguverðið er kr. 5000 fyrir staka nótt á virkum degi. Fyrir virka viðbótarnótt kr. 4000 og fyrir helgi er verðið kr. 12.000. Vikan leigist á kr. 25.000 til félagsmanna. Hægt er að leigja lín fyrir kr. 1.100 á mann, innfalið í því eru rúmföt og baðhandklæði, greiðist á sama tíma og leigan.

Greiðum út styrki og dagpeninga fyrir jó!l!

Sjúkrasjóður Stéttarfélags Vesturlands hefur greitt út dagpeninga og styrki vegna desembermánaðar, fyrir jó!l. Í ár er stefnt að því að greiða út f.h. þann 23.desember. Umsóknir ásamt gögnum þurfa að skila sér f.h. föstudaginn 18. desember. Umsóknir sem koma eftir það verða afgreiddar í lok janúar 2015.

Gullklúbbur og gisting innanlands að eigin vali

Vinsældir íbúðarinnar í Ásholti 2 í Reykjavík eru gríðarlegar. Oft er eitthvað laust í miðri viku, þó helgar séu nær alltaf bókaðar u.þ.b. tvo mánuði fram í tímann. Orlofssjóður ákvað sl. haust að bjóða félagsmönnum sem þurfa að greiða fyrir gistingu á hóteli eða gistiheimili, að koma með reikninginn á skrifstofu félagsins og sækja um niðurgreiðslu. Við munum þá greiða niður um kr. 3.000 hverja nótt, þó ekki meira en 50% af kostnaði og að hámarki 4 nætur á ári, hjá félagsmanni. Þetta mun gilda á tímabilinu frá 1. okt. til 30. apríl, en frá 1. maí til 30. sept. yrði endurgreiðslan kr. 5.000 á nótt. Reikningar þurfa að vera löglegir og skráðir á nafn félagsmannsins. Rétt er að geta þess að þetta verður einungis vegna gistingar innanlands og gildir

ekki vegna þeirra kosta sem félagið býður sjálft í íbúðum eða orlofshúsum.

Gullklúbburinn er nýr kostur sem nú stendur félagsmönnum til boða. Orlofssjóður félagsins hefur nú gengið í Gullklúbbinn og stendur félagsmönnum því til boða að gista á Gullklúbbskjörum á nokkrum hótélum í Reykjavík og víðar, þetta eru Grand hótél og Fosshótél. Afslættir fást einnig af mat og ýmskonar þjónustu. Sýna þarf félags skírteini og geta þess að félagið sé aðili að Gullklúbbum þegar bókað er. Nokkuð er síðan félagið sendi út skírteini til fullgildra félagsmanna og veður það því gert á næstu vikum. Fram að þeim tíma gilda gömlu skírteinin, hafi þau glatast er hægt að nálgast ný á skrifstofu félagsins.

Bótareglur frá og með 1. jan 2016

1. **Fæðingarstyrkur**kr. 100.000
Miðast við félag. Þannig að ef tveir fullgreiðandi félagar eignast saman barn eiga hvort um sig rétt á fæðingarstyrk. Greiða þarf iðgjald af greiðslum fæðingarorlofssjóðs. Styrkurinn er framtalsskyldur.
2. **Styrkur v/glása-, tækniþróvagnar og ættleiðingar**kr. 100.000
Miðast við félag. Þannig að ef um er að ræða tvo fullgreiðandi félagar eiga þeir hvor sinn rétt. Aðeins veittur einu sinni á hverju þriggja ára tímabili. Leggja þarf fram staðfestingu á útlögðum kostnaði og aldrei skal greiða meira en 50% af kostnaði.
3. **Gleraugnastyrkur**pr. félag á 24 mánaða tímabili kr. 40.000
En aldrei meira en 50% af reikningi.pr. barn á 12 mánaða tímabili kr. 20.000
4. **Heyrnatækjastyrkur pr. félag á 36 mánaða tímabili**kr. 40.000
Miðað við tæki í annað eyra. Upphæð tvöfaldast ef þörf er á tveimur tækjum. Þó aldrei meira en 50% af reikningi.
5. **Göngugreining greitt að fullu, eða allt að**kr. 5.000
6. **Krabbameinsleit, 100% af grunnrannsókn, allt að**kr. 10.000
7. **Almenn rannsókn hjá Hjartavernd, 50% af kostnaði, allt að**kr. 12.000
8. **Sjúkranudd, sjúkráþjálfun og önnur endurhæfing.** Tilvísun læknis þarf til. Hámark kr. 50.000
Ekki greitt meira en 50% af hverjum reikningi.
9. **Heilsurækt, svo sem sund, líkamsræktarstöðvar o.fl.**Hámark kr. 25.000
Umsækjendur þurfa að hafa verið greiðandi sjóðfélagar í a.m.k. 12 síðustu mánuði, miðað við reglur sjóðsins. Þó aldrei meira en 50% af kostnaði á hverju 12 mánaða tímabili. Reikningar skulu stílaðir á nafn viðkomandi og einungis gilda fyrir félagsmanninn.
10. **Augnaðgerðir,**á öðru auga er hámark kr. 50.000, hámark fyrir bæði augu kr. 100.000
Um er að ræða laser eða lasík aðgerðir. Einn fullur styrkur á 36 mánaða fresti. Umsækjandi þarf að hafa verið félagi í síðustu 12 mán.
11. **Viðtalsmeðferð hjá sálfræðingum/fjölskylduráðgjöfum.**Hámark kr. 45.000
Greitt 50% viðtalstíma að hámarki 6.000 fyrir tímann. Tilvísun læknis þarf til.
Greining á ADHD skal styrkt samkv. þessari gr. og greiða skal 50% af reikningi að sama hámarki.
12. **Dánarbætur, skv. gr. 12.4.**kr. 300.000
13. **Dvöl félagsmanna sem fara í endurhæfingu** eða meðferð samkvæmt tilvísun læknis á endurhæfingarsstofnunum verði niðurgreidd um kr. 3.000 á dag í allt að 42 almanaksdaga (6 vikur). Þó aldrei meira en 50% af kostnaði
14. **Stjórn er heimilt að styðja félag og börn þeirra til annarra stoðtækjakaupa** en að ofan greinir samkv. gr. 12.8. í reglugerð sjóðsins. Stjórnin setur sér þá vinnureglu að stoðtækjakaup séu ávallt að tilvísun læknis og styrkur v/barna 50%.
15. **Heimilt er í eitt skipti að veita styrk sem svarar dagpeningum í allt að 45 daga vegna sjúkdóms sem stafar af ofneyslu vímuefna.** Tilvísun læknis þarf til.
16. **Dagpeningar í veikinda- og slysaforföllum** í allt að 150 almanaksdaga samkv. grein 12.1 í reglugerð sjóðsins. Þó aldrei hærri en kr. 417.000 í hverjum mánuði.
17. **Dagpeninga vegna veikinda langveikra og alvarlega fatlaðra barna** í allt að 90 almanaksdaga, samkv. grein 12.2. Þó aldrei hærri en kr. 417.000 í hverjum mánuði.
18. **Dagpeningar vegna mjög alvarlegra veikinda maka** í allt að 90 almanaksdaga, samkv. grein 12.3. Þó aldrei hærri en kr. 417.000 í hverjum mánuði.

Viðmið til að ná fullum bótarétti er kr. 28.000.- sl. 12 mánuði.

Geymd réttindi eldri borgara og öryrkja:

Samkv. grein 11.1 í reglugerð sjóðsins geymast réttindi sjóðsfélaga sem hættir eru störfum vegna aldurs eða örorku óskert í 12 mánuði frá starfslokum, hafi þeir greitt til sjóðsins síðustu 5 árin fyrir starfslok. Eftir það skulu þeir eiga rétt til 60% af þeim styrkjum sem greiðandi félagar njóta. Einnig eiga aðstandendur þeirra rétt til dánarbóta samkv. þessari grein, nú kr. 180.000.

Nýtt upphaf á grein 12.8 er hún nú svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins getur við sérstakar aðstæður metið hvort dagpeningar skuli greiddir lengur en eitt bótatímabil og hver upphæð dagpeninga skuli þá vera. Heimilt er stjórn sjóðsins að veita styrki til sjóðsfélaga í formi forvarnar- og endurhæfingarstyrkja og styrkja vegna sjúkra- og slysakostnaðar, fæðingarstyrkja, vegna krabbameinsrannsókna, stoðtækjastyrkja o.þ.h. sem stjórn sjóðsins ákveður á hverjum tíma og geta sjóðsins leyfir.

Vakin er athygli á 15. grein reglugerðar sjóðsins um fyrningu bótaréttar:

15. grein - Fyrning bótaréttar

- 15.1 Réttur til dagpeninga í veikinda og slysaforföllum skv. gr.12.1 og 12.4 fellur niður sé þeirra ekki vitjað innan 12 mánaða frá því rétturinn stofnaðist.
- 15.2 Réttur til styrkja skv. reglugerð þessari fellur að öðru leyti niður sé þeirra ekki vitjað innan 12 mánaða frá því rétturinn stofnaðist.

Upphæðir hámarks dagpeninga og dánarbóta verða hækkaðar 1.jan. 2016 miðað við launavísitölu samkvæmt lögum ASÍ.

Bótareglurnar voru síðast staðfestar á aðalfundi Stéttarfélags Vesturlands 25. júní 2015.

Í gildi er á sérstakt samkomulag við Borgarbyggð um að okkar félagsmenn sem eru atvinnulausir geti fengið aðgang að Íþróttamiðstöðinni og greitt fyrir það kr. 500 á mánuði. Þetta er til viðbótar því að allir atvinnulausir geta fengið frítt í sund samkvæmt samningi Vinnumálastofnunar og Borgarbyggðar.



Stéttarfélag Vesturlands

Kannast þú við Eðvarð?

Eðvarð aðhaldsmaður

Eðvarð var illa fyrirkallaður þennan morguninn, Morgunblaðið var veðurteppt fyrir sunnan og pokarnir í Senseo vélina hans voru búnir. Sumarvertíðin á litla hótelinu hans var að hefjast og hann hafði eytt gærkvöldinu við handsmiðaða hnotuskrifborðið og reiknað út hver launakostnaðurinn yrði þetta sumarið. Ágangur var í störfín hjá honum og hjartað tók aukaslag þegar hann leiddi hugann að dómsmálinu sem hann tapaði síðasta vetur. Honum var ómögulegt að skilja af hverju hann mátti ekki borga tékknesku krökkunum með því að keyra með þau um sveitina eftir að þau höfðu þrifið herbergin. Dómaraþjónninn sá ekki verðmætið í því að fá landkynningu frá manni sem ekki var bara stærsti landeigandinn í hreppnum heldur hafði líka verið hreppstjóri þar til eitthvað réttthugsunarlið fór að gera athugasemdir við hryggjarstykkið í kosningabaráttunni hans, bjórpartýið sem hann hélt fyrir krakkana í héraðsskólanum. En nóg um það, þó að Eðvarð þyrfti stundum að taka hjartamagnyl á kvöldin, ætlaði hann ekki að láta fortíðardrauga skemma framtíðina. Hann ætlaði ekki að keyra um á þessum tveggja ára gamla bíl mikið lengur og árlega golfferðin hans til Spánar skyldi næst verða til fyrirheitna landsins, Flórída. Það var því himnasending þennan tilfinningaþrungna morgun þegar Eðvarð kom á skrifstofuna, settist við tölvuna og sá að hans beið tölvupóstur frá slóvakískum háskóla sem vildi ólmur fá að senda honum nokkra hressa krakka til að læra af stjórnumarháttum hans á hinu háæruverðuga hóteli. Ekki voru gerðar aðrar kröfur um umbun en að fá bedda, morgunmat og eina heita máltíð á dag. Í þann mund sem hann var að fara að svara á þá leið að hann hefði engan áhuga á að hafa einhverja útlendingsþjána hangandi yfir sér fékk hann hugljómun. Nú gat hann loksins snúið á verkalýðsforingjann í stuttermaskyrtunni, hann gat ekki beðið eftir að sjá framan í hann þegar hann myndi segja honum að starfsfólkið hans væru nemar sem væru að læra með því að vinna. Loks kom maí og Eðvarð tók á móti slóvakísku stúdentunum. Hann lenti í erfiðleikum með að læra og bera

fram nöfn þeirra þannig að hann tilkynnti þeim fljótlega á sinni bjöguðu ensku að í ljósi þess myndi hann kalla þau eftir persónum úr Íslendingasögnum, þ.e. Hallgerði, Gretti og Þorgeir. Jafnframt fór hann á bókasafnið og fékk lánaðar valdar Íslendingasögur sem hann afhenti þeim og ætlaðist til að þau læsu. Í fyrstu gekk allt vel. Hallgerður, Grettir og Þorgeir voru dugleg og gerðu það sem þeim var sagt að gera. Fljótlega fóru þau þó að spyrja spurninga sem hann skildi ekki alveg en þau virtust vera ósátt við vistarverur sínar, þau vildu fá herbergi. Fannst hjólhýsið sem hann tók af mági sínum upp í skuld ekki vera fullnægjandi. Eðvarð sagði að ef þau ætluðust til að hann kvittaði upp á staðfestinguna til háskólans úti skyldu þau láta sér þetta duga. Tíminn leið og samskiptin versnuðu, Hallgerður var hætt að svara því nafni, Grettir reyndist ekki jafn sterkur og nafnið gaf til kynna og Þorgeir kvartaði yfir því að hafa tekið 20 næturvaktir í röð. Til hvers kom þetta fólk hingað eiginlega hugsaði Eðvarð. Hann hafði talið að besti skólinn fyrir þau væri að temja sér gamla góða íslenska vinnusiðferðið, þ.e. vinna sem mest og spyrja sem minnst. Nú var Eðvarð líka farninn að hafa verulegar áhyggjur af bókunum sem hann fékk lánaðar fyrir þau og ákvað einn daginn að fara inn í hjólhýsið og sækja þær. Sér hann þá ekki hvar bækurnar liggja rakar og þvalar við opið á hálfbrotna glugganum sem hann sjálfur hafði brotið í einum af fjölmörgu tilraunum sínum til að innheimta féð sem mágur hans skuldaði honum. Bækurnar voru bersýnilega ónýtar og nú þurfti Eðvarð að fara til helvítis kommúnistans sem var bókasafnsvörður og greiða fyrir þær. Eðvarð leit á



Hluti stjórnar og starfsmanna Stéttarfélags Vesturlands auk bílstjóra á leið í Vatnshelli. Myndin tengist greininni ekki sérstaklega. Frá vinstri: Silja, Sigurþór, Erla, María, Patricía, Guðbrandur, Baldur og bílstjórinn Jónas.

þessa vanrækslu sem menningarsögulega árás á sig og sína og fór rakið á fund sýslumannsins. Sýslumaðurinn kvaðst ekkert vilja gera fyrir hann, í raun kom það Eðvarði ekki á óvart, hann hafi verið óttalega linur síðan hann gekk úr Rótarí klúbbnum á sínum tíma. Eðvarð ákvað þá að slóvakísku krakkarnir væru ekki lengur þess verð að bera þau glæstu nöfn sem hann hafði gefið þeim. Hann ætlaði sér hins vegar ekki að greiða fyrir þessar bækur sem skemmdust, fyrsta innborgunin á Flórída ferðina var á næsta leyti og hann mátti ekki við að missa þessar 12 þúsund krónur sem safnvörðurinn krafði hann um fyrir bækurnar. Eðvarð taldi sig því knúinn til að tilkynna slóvakísku krökkunum að vegna tjónsins sem þau hefðu valdið bæru þau sjálf

ábyrgð á því að fæða sig næstu vikuna. Við þetta sprakk allt saman, slóvakísku krakkarnir hreyttu einhverju í Eðvarð á óskiljanlegu hrognamáli og strunsuðu í burtu. Næsta dag komu svo verkalýðsforinginn, safnvörðurinn, slóvakísku krakkarnir og einhver helvítis sérfræðingur að sunnan og tóku saman allt dót krakkanna og afhendu honum bréf þar sem hann er krafinn um laun fyrir þá 320 tíma sem krakkarnir höfðu unnið síðan þau komu fyrir 5 vikum. Eðvarð sagði þeim að hypja sig af landareigninni hið snarhasta og brunaði beint til lögmannsins síns. Lögmaðurinn las bréfið þungur á brún og tilkynnti svo Eðvarði að líklega yrði ekkert af Flórída ferðinni þetta árið. Lykilorð: Ráðningarform, lágmarkslaun, útlendingar á íslenskum vinnumarkaði.

Afgreiðslutími um jólin og áramótin

Skrifstofa Stéttarfélags Vesturlands að Sæunnargötu 2a verður lokuð á aðfangadag og gamlársdag, en opið verður á hefðbundnum tíma mánudaginn 28. desember, þriðjudaginn 29. desember og miðvikudaginn 30. desember frá kl. 08:00 – 16:00.



Þátttakendur í pallborði á afmælisráðstefnu SGS, frá vinstri: Eiríkur, Skúli, Sumarliði Ísleifsson sem skrifaði sögu ASÍ, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir fréttamaður, Kristján Bragason framkvæmdastjóri NU HRCT og Drífa Snædal framkvæmdastjóri SGS

Er verkalýsðhreyfingin fyrir ungt fólk?

Þann 13. október sl. voru 15 ár frá því að Starfsgreinasamband Íslands var stofnað og í tengslum við þing sambandsins, sem haldið var 14. og 15. október, var efnt til afmælisráðstefnu. Á ráðstefnunni voru flutt nokkur erindi. Sumarliði Ísleifsson sagnræðingur fór yfir söguna, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir talaði um SGS út frá sjónarhóli fréttamannsins. Í lokin komu svo tveir ungir menn ættaðir úr Borgarfirði, þeir Eiríkur Þór Theódórsson trúnaðarmaður á Landnámssetrinu og Skúli Guðmundsson, sem einu sinni var trúnaðarmaður hjá Olís í Borgarnesi en er núna félagsmaður í Eflingu og trúnaðarmaður áfram hjá Olís.

Þeir félagar hristu tölvvert upp í fundarmönnum og vöktu þá til umhugsunar um nauðsyn þess að efla tegslin við unga fólk, hleypa þeim að og fela þeim viðeigandi verkefni.

Tíðindamaður Félagsfrétta spurði

Eirík hvernig honum hefði fundist að taka þátt í afmælisráðstefnunni og að vera auk þess fulltrúi Stéttarfélags Vesturlands á þinginu?

„Það var virkilega ánægjulegt að fá beiðni um að halda erindi fyrir hönd ASÍ-UNG á afmælisráðstefnu SGS og skemmtilegt að hafa Skúla vin minn með í verkefninu og á ráðstefnunni. Okkur fannst nauðsynlegt að fara stutt yfir málefni ungs fólks í stéttarfélagum, sýndum örmyndband og fórum yfir glærur. Það var gaman að sjá hvað allir voru áhugsamir um erindið og spjöllðu margir við okkur um málefnið á ráðstefnunni“ sagði Eiríkur og bætti við að honum þætti SGS þingið gott og áhugavert að taka þátt í smíði ályktana og kynnast nýju fólki í hópavinnunni. Hann þakkar þeim sem leyfðu honum að taka þátt, kærlega fyrir og hlakkar til að taka meira þátt í verkalýðsmálum komandi ára

Kjarasamningurinn við sveitarfélögin samþykktur með yfirgnæfandi meirihluta



Samningur milli SGS og SNS undirritaðir. Frá vinstri: Björn Snæbjörns-son formaður SGS, Signý Jóhannesdóttir formaður samninganefndar SGS, Bryndís Hlöðversdóttir ríkissáttasemjari og Inga Rún Ólafsdóttir formaður samninganefndar sveitarfélaganna.

Þann 20. nóvember sl. var undirritaður kjarasamningur við Samband íslenskra sveitarfélaga. Það voru öll félögin innan Starfsgreinasambands Íslands nema VLFA. Starfsgreinasambandið skrifaði undir tvo samninga, 15 landsbyggðarfélag saman og 3 félög innan Flóans. Einnig sömdu öll bæjarstarfsmannafélögin innan BSRB, ásamt SFR, við sveitarfélögin þennan dag. Samningalotan við sveitarfélögin var nokkuð hatröm og aftur og aftur kom samninganefnd SNS reyndu samningafólki SGS og BSRB á óvart. Formaður Stéttarfélags Vesturlands hefur sýrt viðræðum SGS við sveitarfélögin í meira en 10 ár og formaður Kjalar Arna Jakobína Björnsdóttir hefur leitt viðræður BSRB fólksins enn lengur. Gott samstarf hefur verið með þessum hópum og segja má að sá árangur sem náðst hefur í samningsgerðinni undanfarin ár, byggji á þessu samstarfi.

Samningaviðræður töfðust nokkuð vegna þess óróleika sem verið hefur á vinnumarkaði, svo sem vegna verkfalla í opinberu umhverfi, biðar eftir kjaradómi, biðar eftir samningi við SFR, Sjúkarliða og Lögreglumenn.

Það er mikill misskilningur að SALEK hafi skemmt fyrir í viðræðum við sveitarfélögin eins og einstaka forystumenn stéttarféлага hafa haldið fram. Í raun má segja að SALEK samkomulagið hafið styrkt stöðu okkar við að verja þá sem hafa lægst launin innan okkar raða. Þeir sem telja að tilraunir forystusveitar ASÍ og BSRB, til að koma á skynsamlegum vinnubrögðum við gerð kjarasamninga og tryggja aukinn kaupmátt til þeirra sem lökust hafa kjörinn, séu af hinu vonda, að stuðningur við SALEK sé einhverskonar meðvirki, þeir einstaklingar eru í fullkominni afneitun.

 **Landsmennt**
www.landsmennt.is

 **Ríkismennt**
www.rikismennt.is

 **Sjómennt**
www.sjomennt.is

 **Sveitamennt**
www.sveitamennt.is



Afgreiðslutími

á skrifstofum Stéttarfélags Vesturlands frá og með 1. jan. 2016

Innrimelur 3, Hvalfjarðarsveit

Skrifstofunni hefur verið lokað

Stefnt er að vinnustaðahéimsóknum ýmist óvænt eða í samráði við vinnustaði

Miðbraut 11, Búðardal

Skrifstofan einungis opin í samráði við félagsmenn, hægt að panta tíma

Stefnt er að vinnustaðahéimsóknum ýmist óvænt eða í samráði við vinnustaði

Sæunnargata 2 a, Borgarnesi

Opið alla virka daga frá kl. 8:00 til 16:00, opið í hádeginu

Sími í Borgarnesi er 430 0430

Stéttarfélag Vesturlands

Fax: 430 0431 - Sími form. 894-9804 - Heimili: Sæunnargata 2 a, 310 Borgarnes
Netfang: stettvest@stettvest.is - Veffang: www.stettvest.is - Við erum líka á Facebook